

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Höfðahverfis, Þratarhöfða, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag Þratarhöfða, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 9. júní 2004.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 111 íbúðum, 68 íbúðum í fjölbýli og 43 íbúðum í rað-, par- og einbýlishúsum. Svæðið afmarkast af Blika- og Hrafnshöfða, Baugshlíð og Blikastaðalandi. Jafnframt breytist stofnanasvæði Höfðahverfis í íbúðasvæði sem tilheyrir Þratarhöfða.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þessa. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 3. september 2004.*

**Tryggvi Jónsson** bæjarverkfræðingur.